

Mánudaginn 14. maí 1962.

Nr. 53/1962. **Ragnar Jónsson**

gegn

**Guðrúnu Sæmundsdóttur og
Högnna Jónssyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Úrskurður um frest staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kærnu 31. marz s.l., sem barst Hæstarétti 6. apríl s.l., hefur sóknaraðili kært til dómsins úrskurð, kveðinn upp 30. marz s.l. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili hefur neitað að svara þeirri spurningu héraðsdómara, hver væri eigandi víxillkröfu þeirrar, sem um er að tefla. Að svo vöxnu máli þykir rétt að staðfesta ákvörðun héraðsdómara um frestveitingu í bæjarþingsmáli aðilja.

Eftir atvikum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðiljum kr. 800.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ragnar Jónsson, greiði varnaraðiljum, Guðrúnu Sæmundsdóttur og Högnna Jónssyni, kr. 800.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Lárusar Jóhannessonar hæstaréttardómara.

Stefnandi í héraði hefur hinn umrædda víxil í höndum, framseldan eyðuframsali, og hefur því allan rétt eiganda yfir honum og getur m. a. gefið fullnægjandi kvittun fyrir

greiðslu víxilupphæðarinnar. Er hann því réttur aðili víxilmálsins, og því hefur ekki verið haldið fram í málinu, að hann sé ranglega að víxlinum kominn.

Lagalega skiptir það skuldara ekki máli, hver er *raunverulegur* eigandi slíks víxils, nema ef hann hefur fram að færa varnir, sem hægt væri að koma að í víxilmáli gagnvart hinum raunverulega eiganda, en ekki gagnvart aðilja víxilmálsins.

Stefndu hafa ekki haft uppi í máli þessu neinar slíkar varnir, og var stefnanda því ekki skylt að svara spurningu dómarans um það, hvort hann væri raunverulegur eigandi víxilsins eða ekki.

Átti dómariinn því að neita um hinn umbeðna frest, og ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður. Dómsorð mitt verður því þannig:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 30. marz 1962.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 28. þ. m., hefur Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður hér í borg höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 15. febrúar 1962, gegn Guðrúnu Sæmundsdóttur, Reykjavíkurvegi 29, og Högna Jónssyni héraðsdómslögmanni, Kirkjuhvoli, báðum hér í borg, til greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 25.000.00, útgefins 25. sept. 1961 af stefndu Guðrúnu Sæmundsdóttur og samþykkt af stefnda Högna Jónssyni til greiðslu í Útvegsbankanum 20. desember 1961.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu víxilfjárhæðarinnar, kr. 25.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 20. desember 1961 til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 121.00 í afsagnarkostnað auk málskostnaðar samkvæmt texta L.M.F.Í.

Varnaraðiljar krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Mál þetta var þingfest 20. febrúar s.l. Sóknaraðili lagði þá fram stefnu, frumrit áðurgreinds víxils, tvö afrit bréfa og greinargerð. Varnaraðiljar fengu þá tveggja vikna frest til að rita greinargerð. Er málið kom næst fyrir, þann 6. marz s.l., lögðu

varnaraðiljar fram greinargerð sína. Fengu aðiljar því næst sam-eiginlegan frest til gagnaöflunar til 20. þ. m. Er málið kom fyrir þann dag, varð aftur samkomulag um að fresta málinu í sama skyni til 27. þ.m. Er málið kom fyrir þann dag, óskuðu varnaraðiljar enn eftir tveggja vikna fresti til gagnaöflunar. Af hálfu sóknaraðilja var því lýst yfir, að gagnaöflun væri lokið, og var neitað að veita frekari frest. Samkvæmt kröfu varnaraðilja var atriðið þá tekið til úrskurðar. Rétt þótti að gera aðiljum kost á að láta munnlegan málflutning fram fara um ágreiningsefnið. Munnlegur málflutningur fór fram 28. þ. m., og að honum loknum var ágreiningsefnið að nýju tekið til úrskurðar.

Varnaraðiljar, sem byggja sýknukröfu sína aðallega á því, að sóknaraðili sé ekki eigandi hins umstefnda víxils, styðja frestbeiðni sína þeim rökum, að þeir þurfi hinn umbeðna frest til að leiða vitni og aðilja málsins og afla gagna um það, að sóknaraðili sé ekki eigandi og því ekki réttur aðili þessa máls. Telja varnaraðiljar, að þessi vörn komist að í málinu samkvæmt a-lið 208. gr. laga nr. 85/1936. Sóknaraðili, sem flytur mál sitt sjálfur, mótmælir því, að þessi vörn fái að komast að í málinu, þar sem hér sé um hreint víxilmál að ræða, og beri því að synja um hinn umbeðna frest, sem hann mótmælir, að verði veittur. Hann kveðst byggja aðild sína á handhöfn víxilsins samkvæmt 14. gr. víxillaganna nr. 93/1933.

Sú vörn varnaraðilja, að sóknaraðili sé ekki réttur aðili máls þessa, kemst að í máli þessu, sbr. a-lið 208. gr. laga nr. 85/1936. Eftir atvikum þykir því rétt að veita hinn umbeðna frest.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað úrskurð þenna.

Úrskurðarorð:

Hinn umbeðni frestur er veittur.
